

Stöð

Skálar og rúst á Stöð í Stöðvarfirði
Skýrsla IV



Bjarni F. Einarsson
2018

Forsíðumyndin sýnir marglita perlu úr gleri, svokallaða augnperlu. Perlan gæti verið verndargripur með hinu alsjáandi auga eða augu. Perlan fannst á suðurseti í Húsi 2, skála. Snarlík perla fannst í Vatnsfirði árið 2006 og líkar perlur fundust í Hrísbú í Mosfellssveit.

Tvær aðrar sömu tegundar fundust í Hríshöllum í S-Þingeyjarsýslu og Mjóadal í Borgarfjarðarsýslu. (Albína Pálsdóttir 2007:69. Fnr. 4. Ljósmynd. BFE)



Mynd 1. Drónamynd af skálunum (Húsum 2 og 3) áður en grafið var áfram til austurs (vinsri) og fyrir yngri skálann. Sjá má setin í yngri skálanum niðri til vinstri og steinana sem afmarka hól í setinu. Setin tóna svo út til hægri og vesturendinn hefur legið aðeins hærra en miðhlutinn í yngra húsinu. „Stéttin“ á miðri mynd við gaflinn á yngra húsinu tilheyrir eldra húsinu og búið er að grafa gólf Húss 2 í burtu þegar hér var komið sögu. Lengst til hægri er vesturendi eldra hússins, smíðjan með eldstæði/ofn í horni. (Drónamynd nr. 30. Ljós. BFE. Tekin þann 22. júní 2018).

Inngangur

Þriðja sumar rannsókna á Stöð í Stöðvarfirði hófst þann 1. júní síðastliðinn. Veður var með óvenju góðu móti framan af miðað við sumarið í fyrra, en svo féll það í sama horfið og í fyrra, þ.e.a.s. eins vont og það getur gerst að sumri til. Til leiks mættu þau Ármann Dan Árnason, Hermann J. Hjartarson, Rannveig Þórhallsdóttir, Sigurður S. Stefánsson og Viktoría Halldórsdóttir fornleifafræðingar og MA nemarnir Michelle Hay frá Skotlandi, Iris Baena Jiménez frá Spáni og Pablo Barruezo Vaquero frá sama landi. Síðustu vikuna bættust fornleifafræðingarnir Kalle Thorsberg, Kevin McAleese og Louise Olsson við hópinn. Einnig var Þorgeir Eiríksson heimamaður með eins og venjulega.

Byrjað var á því að fletta torfi ofan af reitunum sem grafnir höfðu verið í fyrra og reit A - C frá sumrinu 2016. Einnig var grafa notuð til að moka í burtu tveimur höftum á milli reita A og B og B og C sem grafnir höfðu verið sama sumar. Að lokum var grafan notuð til að grafa til norðurs frá reitum B og C til þess að fá fram allan vegginn í Húsi 2 (yngri skála) og til vesturs til að rannsaka Hús 2 og 3 nánar, en vísbendingar komu fram um að Hús 3 næði lengra til vesturs en Hús 2. Að lokum var grafan notuð til að opna svæði við Hús 4. Í engum tilvika var grafan notuð á mannvirki eða mannvistarlög. Handvirkur gröftur tók við þegar glitti í slíkt.

Styrkir til rannsókna fengust frá Fornminjasjóði, Uppbyggingasjóði Austurlands, Alcoa Fjarðarál, Fjarðabyggð, Salthúsmarkaðnum, Steinasafni Petru, Landatanga, Félagi áhugahóps um fornleifarannsóknir á Stöð, hjónunum Birni Hafþóri Guðmundssyni og Hlíf Herbjörnsdóttur auk fjölda heimamanna, sem færðu okkur kökur, kaffi, fisk og harðfisk.

Helstu markmið sumarsins voru að halda áfram rannsóknum á Húsi 2 og kanna afstöðu Húss 1 við Hús 2 og 3. Einnig hófst rannsókn á Húsi 4 við prufuholu 2a-b þar sem mannvistarleifar höfðu fundist 2017. Ný

prufuhola var grafin í meint hús rétt vestur af kirkjugarðinum og fékk hún númerið 4. Í henni fannst ekkert og er hún því úr sögunni.

Um staðhætti og sögubrot er vísað til eldri skýrslna.

Fulltrúi heimamanna var Björgvin Valur Guðmundsson og eins og áður var hann okkur til halds og trausts við rannsóknirnar. Björgvin er í forsvari fyrir Félagi áhugahóps um fornleifarannsóknir á Stöð og tók í raun allur hópurinn þátt á einn eða annan hátt, bæði með fjáröflun, tyrfingu og lánnum á því sem þurfti til svo sem hjólbörum, dýnum, sængum, gröfu o.s.frv. Öllum þessum aðilum er þakkað fyrir afar ánægjuleg kynni og góðan hug. Það er ómetanlega dýrmætt að hafa slíka bakhjarla þegar rannsóknir sem þessar fara fram.

Rannsóknin

Eftir að vélavinnu og aftyrfingu lauk tók við handvirkur gröftur. Fyrsta verkið var að hreinsa ofan af flötunum og var svo grafið niður í lögum þar til að mannvistarlög komu í ljós. Þá var eindargröftur (eng. *single context*) viðhafður og öll mannvistarlög og gólf blautsigtuð. Fjöldi sýna voru tekin úr mannvistarlögum til greininga á fitusýrum sem dr. Björn Viðar Aðalbjörnsson í H.Í. sér um.

Bandarískir fræðimenn frá Earlham College í Indiana, Bandaríkjunum tóku sýni úr mannvistarlögum til að freista þess að finna forn-DNA úr lífrænum leifum til greininga. Einnig sáu þeir um LIDAR flug yfir svæðinu til að greina fleiri hús sem ekki finnast með öðrum hætti. LIDAR verkefnið tókst ekki sem skyldi vegna tæknilegra ástæðna.

Teknar voru stafrænar myndir og drónamyndir eftir því sem uppgreftinum leið fram. Voru drónamyndirnar notaðar til að teikna



Mynd 2. Rannsóknin að hefjast og svæðið í kring um langeldinn í Húsi 2 að koma í ljós. Dúkurinn, sem lagður var yfir rannsóknarsvæðið eftir rannsóknirnar 2017, reyndist ekki eins heppilegur og talið var þar sem hann gréri nær fastur við hreinsað yfirborðið frá 2017. Í bakgrunni er búið að koma upp sigtunarbúnaði og vatnsslöngu. (Stafr. myndir nr. 2018-4. Horft mót V. Ljósm. BFE).

flatarteikningar. Settir voru út gulir krossar með norðurpílu ofan á hæla í hnitakerfinu svo hægt væri að leiðrétta þá litlu bjögun sem fylgir drónamyndunum.

Sérstakar myndir voru teknar til að búa til þrívíddarmódel af húsunum og um það sá Hermann Jakob Hjartarson. Sömuleiðis tóku nemar frá Earlham College myndir með dróna í sama tilgangi.



Mynd 3. Horft yfir langeldinn. Stærsta hellan er líklega hluti af honum. Sjá má hellu á rönd sem afmarkar hann að sunnanverðu (vinstri). Uppi til hægri sést í stóra aflanga hellu sem markar skil í setinu. (Stafr. myndir nr. 34. Horft mót V. Ljós. BFE).

Húsin

Hús 1

Hús 1 var áður talið vera sjálfstætt hús, eða smiðja. Nú hefur komið í ljós að húsið er hluti af Húsi 3 og því fellur Hús 1 út og verður í framhaldinu fjallað um það undir Húsi 3.

Hús 2


Yngri skáli. Hann er ekki fullrannsakaður, en lengd hans og breidd liggur þó fyrir. Er hann 30,5 m langur og 8,50 m breiður um miðjuna. Eru þetta ytri mál, en veggir hússins eru að jafnaði um 1,2 m breiðir. Þeir eru byggðir úr grjóti og torfi. Grjótið er aðeins við innri og ytri brún og oftast ein röð, en gat farið í tvær til þrjár raðir á stöku stað að innanverðu. Mest áberandi voru hleðslurnar á norðanverðri langhliðinni, í rýminu með langeldinum.

Húsið er byggt í dálitlum halla og hefur upprunalegt yfirborð verið hreinsað í burtu þannig að hliðarskipið að norðan hefur lent beint ofan á jökulruðningum undir yfirborðinu.

Í miðjum veggnum var kjarni úr mól (ísaldarruðningi). Hann var þó ekki í öllum veggnum, heldur í langveggjum og aðeins slitróttur. Ein skýringin á þessum kjarna gæti verið sú að með þessum hætti rann vatn úr veggnum niður úr honum ofan í urðina. Ekki þekkir höfundur dæmi um samskonar byggingarlag á Íslandi.

Vísbendingar eru um að við ytra byrði norðurveggjarins hafi ekki verið grjót, eða þar sem veggurinn mætir jökulruðningum. Sjá má að grjót úr eldri skálanum hefur verið nýtt í þann yngri vegna þess að innri steinaröð eldri skálans sást hvergi, nema utan við Hús 2 að vestantanverðu (enn sem komið er).

Torfið er hlaðið úr þverstreng og sá strengur virðist ekki hafa verið skorinn í mýri. Með hluta veggjarins hefur verið hlaðinn mjór veggur inn á aðalvegginn. Var hann 0,3 - 0,40 m breiður. Sá munur var á þessum viðbótarvegg að norðurveggurinn er innan við innri grjóthleðsluna í aðalveggnum, en utan við hana að sunnan. Ekki er hægt að skýra þennan



Mynd 4. Flatarteikning af Húsi 2 eins og það lítur út nú. Alveg á eftir að grafa austurhlutann (neðri hlutann). Syðri „auka veggurinn“ er aðeins markaður með svartri línu enn sem komið er.

„auka vegg“, en hugsanlega hefur hann verið hlaðinn upp til að einangra húsið betur. Það hefur gerst á seinni stigum skálans, því „auka veggurinn“ stóð ofan á gólfi hússins á kafla. Þessi „auka veggur“ er ekki úr streng, heldur kökkum eða hnausum og efnið hefur líklega verið tekið úr mýri.

Setin í skálanum náðu ekki út að gaffli, heldur mislangt til vesturs. Breidd þeirra var á bilinu 1,60 – 1,70 m. Ekki voru endimörkin alveg skýr, en mynd 1 og teikning sýnir setin nokkuð skýrt. Þau voru ekki meira en 10 sm hærrí en miðskipið þar sem mest var. Setin tóna út í vestri og þar tekur við svæði sem var ögn hærra en miðhlutinn og ísaldarruðningurinn beint undir gólfum.

Við vesturgafllinn voru nokkrar hellur á gólfi og óþekkt mannvirki í SA-horninu sem ekki var eldstæði, en það markaðist af steinum sem mynduðu einskona kassa eða þró ofan á gólfinu. Líklega er þetta einhverskonar vinnusvæði ef það eru ekki dyr eins og talið er mögulegt í skýrslu I!

Örþunnt mannvistarlag var ofan á setunum (1 - 2 sm) og var talsverður litamunur á lögum að norðanverðu sín hvoru megin þar sem þil hefur skipt því niður í hólf nálægt langeldinum. Þetta markast af steinaröð sem

Efni	2015-16	2017	2018	Hús 2	Hús 3	Hús 2/3	Prufuhola	Annarsstaðar	Samtals
Bein	2 (fuglab.?)	18	6	18+3	2	2		1	26
Blý	1	2	3	2+1	1+1			1+1	6
Brons	1	1	3	1	3	1			5
Flöguberg (brýni)	10	19	11	18+4	5+3	4+4		2	40
Geislasteinn	1	3	0	3		1			4
Gjall	20	1	7	3	4+2	16		1+2	28
Gler	6	13	17	8+10	2	6+3	1	3+3	36
Glerhallur	29	65	17	64+4	7+8	22+4		1-1	121
Jaspis	17	63	25	59+17	7+3	11+2		3+3	105
Járn	85	104	80	85+45	16+21	80+4	Prh 1, 1	7+10	269
Kléberg	21	3	5	3+1	6+3	15		1	29
Kopar	0	1	0	1					2
Látún	0	0	0						0
Leður	0	0	1					1	1
Leir	0	2	0						2
Ópall	2	0	0			2			2
Sandsteinn	3	1	0	1	3	2			4
Silfur	3	6	8	6+3	3+4	1			17
Skel		1	0	1					1
Steinn	12	11	10	9+5	2+3	9	Prh. 1, 1	2+2	33
Textíll	0	0	0						0
Tinna	1	7	11	4+4	3	1+1	Prh. 2&3, 1+1	1+1	19
Tré	1	0	1					1	2
Ull	0	0	0						0
Annað	1	3	2	1		1			6

Tafla 1 yfir gripum sem fundist hafa fram að þessu. Ef gripur fannst í brotum telst hann vera einn. Ekki er tekin afstaða til vafaatriða. Búlduleitar tölur sýna gripum fundna 2018. Þessar tölur hafa breyst frá fyrri árum og kunna að breytast frekar þegar farið verður nánar í fundaskrárnar/gripina. Viðurinn frá 2016 voru lítilfjörlegar leifar á nagla sem ekki var hægt að bjarga. Tveir glergripanna eru úr seinni tíma lögum.

sjá má í báðum setum í suður og norður. Þil þetta hefur ekki náð þvert yfir skálann heldur aðeins þiljað setin niður. Langeldur er á milli.

Á skálanum voru allavega tvennar dyr á sunnanverðri langhliðinni (á móti sjónum!). Þær vestari voru mjög nálægt vesturgafninum en þær eystri nokkuð frá honum.

Gólfið var mjög hefðbundið, fullt af viðarkolum, sóti, ösku, brenndum beinum og lífrænum leifum. Var það langþykkast í miðskipinu í kring um langeldinn, en rannsókn á honum er ekki lokið og því ekki alveg á hreinu hversu langur langeldurinn er. Breidd hans er á bilinu 35 - 40 sm.

Engar öruggar stoðarholur eða stoðarsteinar hafa fundist enn þar sem stoðir á milli skipanna hafa staðið. Líklega hafa stoðarsteinar verið ráðandi, steinar sem flotið hafa í burtu á seinni stigum eyðingarinnar.

Frekari lýsingu á húsinu má finna í skýrslu II frá 2017. Þegar rannsókn á skálanum lýkur mun lokalýsing hans verða birt í viðkomandi skýrslu.

Í töflu 1 má sjá þá gripaflokka (efnisflokka) sem fundist hafa hingað til í húsunum. Í vissum tilfellum er ekki hægt að greina í sundur Hús 2 og 3, en það er meðal annars vegna þess að gólfin renna nánast saman að norðanverðu.

Athyglisvert er hversu margir gripir úr silfri hafa fundist í húsinu, eða nú gripir sem örugglega tilheyra húsinu. Perlur sem nær örugglega eru úr húsinu eru orðnar 25 talsins, en líklega eru þær sem taldar eru úr Húsi 2/3 í töflu 2 flestar úr húsinu.

Fjöldi sýna voru tekin í húsinu (sjá kafla um sýni), þar á meðal fjögur viðarkolasýni og eitt þeirra úr gólfi hússins var sent áfram í C-14 aldursgreiningu.

Hús 3

Hús 3 liggur undir Húsi 2. Virðist það mun breiðara og lengra en yngra húsið eða 10,2 m breitt og meira en 40 m langt. Hversu langt það hefur verið liggur ekki fyrir enn. Lengsti skáli á Íslandi er Böðmóðstunga á Síðu, en hann er 43 m langur og 11 m breiður (Brynjúlfur Jónsson 1909:10-12). Hann hefur ekki verið rannsakaður og sennilegt að hann sé ífið minni í rauninni. Hugsanlega er skálinn á Stöð lengri.

Lengsti járnaldarskáli sem rannsakaður hefur verið á Íslandi fram að þessu er á Hofstöðum í Mývatnssveit. Hann er 9,5 m breiður og 38,4 m langur (Lucas 2007:106).



Mynd 5. Dyr inn í Hús 3. Í bakgrunni er innri steinaröð húss 2 og langeldur í sama húsi. (Stafr. myndir nr. 32. Horft mót N. Ljósm. BFE).



Mynd 6. Hús 3, eldri skáli. Heildarlengd svæðisins A-V (upp og niður á mynd) er 40 m. Efst er smiðjan með ofni, grjóthruðu með mýrarrauða og dyrum á bláhorni. Þar fyrir neðan er mikil stétt hvers hlutverk er ekki á hreinu. Mjög líklega er skilrúm þarna á milli, en veggur Húss 2 stendur þar enn. Hann verður fjarlægður þegar allt hús 2 hefur verið rannsakað og ljósmyndað í heild sinni með dróna.

Skálinn á Hofstöðum er yngri en Hús 3 á Stöð eða yngri en 940 og þar með hugsanlega einnig yngri en Hús 2 á Stöð.

Á Hrísrú í Mosfellsdal fóru umfangsmiklar rannsóknir fram í lok síðustu aldar og fram á þessa öld. Þar er skáli sem reyndist vera 5,1 m

breiður og 25,2 m langur að innra máli. Að ytra máli hefur hann þá verið nálægt 9,1 m breiður og 29,2 m langur þar sem breidd veggja var um 2 m (Zori 2010:305 og 430).

Báðir þessir skálar hafa verið kallaðir veisluskálar höfðingja vegna stærðar sinnar og gripaflóru. Einkum er vísað í fjölda perlna og silfurgripa á þessum tveimur stöðum auk stærðarinnar á skálanum. Það er því hægt að draga þá ályktun að skálarnir á Stöð hljóti að vera höfðingjaskálar og því raunhæft að bera þá saman við skálana á Hofstöðum og í Hrísrú. Þó verður að hafa fyrirvara á eldri skálanum þar sem ekki er víst að allur skálinn hafi verið fyrir vistarverur fólks, heldur aðeins að hluta. Frekari rannsóknir skera vonandi úr um þetta.

Þriðji stóri skálinn sem rannsakaður hefur verið er í Glaumbæ í Skagafirði. Samkvæmt jarðsjá var hann 8 m breiður og 33 m langur (Sigríður Sigurðardóttir 2007:6). Hann er frá 11. öld. Frekari uppgröftur á staðnum staðfesti nokkurn veginn þessar tölur en þá var viðbygging einnig reiknuð inn í lengdina, en sjálfur skálinn var 5,25 m breiður og 23,5 m langur að innanmáli. (Bolender 2006:5). Latur þá nærri að lengd hans utanvert hafi verið nálægt 26 m. Þar fundust tvær bláar perlur¹, ekkert silfur né blý. Aðeins 20 gripir voru skráðir.

Í Lækjargötu í Reykjavík var skáli rannsakaður fyrir nokkrum árum. Full lengd hans er ókunn, en af eldri kynslóð hans voru 23 m sýnilegir (annar endinn undir götu Lísabet Guðmundsdóttir 2018). Ætla má að hann hafi verið talsvert lengri. Breidd hans að innra máli var um 5 m sem bendir til þess að ytri breidd kunni að hafa verið um 7,5 m.



Mynd 7. Stóra stéttin í húsi 3. Neðst er V-gafl Húss 2. (Stafr. myndi nr. 84. Horft mót A. Ljósm. BFE).



Mynd 8. Rafperla úr Húsi 2. Þetta er eina rafperlan sem fundist hefur á Stöð. Mesta þvermál hennar er 12,5 mm og mesta þykkt 5 mm. (Fnr. 2018-108. Ljósm. BFE).

¹ Aðeins kallað blátt gler í skýrslu, en undirritaður gefur sér að um perlur hafi verið að ræða. Sé svo ekki eru það stórtíðindi. Þrjú leirtausbrot eru talin upp í fundaskrá, en ekki fjallað um þau frekar.



Mynd 9. Yfirlit yfir rannsóknina. Fremst sér í vesturgafli Húss 3. og svo vesturgafli Húss 2. (Stafr. myndir nr. 85. Horft mót A. Ljósm. BFE).

Í vesturenda eldri skálans á Stöð hefur verið smiðja. Þar fannst eldstæði eða ofn og framan við hann var grjóthrúga með talsverðu magni af mýrarrauða. Í þessari hrúgu fannst aflsteinn. Frá hrúgunni voru vísbendingar um að rás hafi legið í gegnum vegginn og út úr húsinu til suðurs. Þetta sást á augljósum litarmun í torfveggnum, en ekkert annað fannst sem staðfest gat þessa ályktun.

Gjallmolar fundust einnig í húsinu og sunnan við það, rétt utan við dyrnar sem voru á bláhorninu mót suðri. Við eldstæðið/ofninn fannst moli sem talinn er vera úr tjöru (Fnr. 2018-34).

Næsta rými til austurs hafði mikla hellulögn á gólfinu (stór stétt) sem engar skýringar eru á enn sem komið er annað en að þetta hafi verið vinnurými. Voru þetta áberandi stórir hellulaga steinar með loftrýmum á milli.

Hugsanlega eru vísbendingar um þil eða skilrúm undir gaflveggnum á yngra húsinu, en þar hefur ekki verið grafið enn.

Þegar hafa sjö gripir úr silfri fundist í húsinu og tvær perlur, en að öðru leyti finnast nær allir gripaflokkar í því. Einnig má nefna skreyttan bronshnapp, sem var með punktaskreytingu eins og við sjáum á fingurbjörgum. Enn sem komið er er ekki hægt að gera samanburð á gripaflórunni í húsunum vegna þess hve lítið er enn rannsakað af húsinu og sökum þess er óhægt um vik að tala um marga eða fáa gripi í húsinu. Þó hafa allmargir klébergsmolar fundist fram að þessu og flestir í

vesturendanum. Við stóru stéttina fundust svo stór lítt eða ekki notuð brýni úr flögubergi. Nánar verður fjallað um þessa gripi hér á eftir.

Vesturhlutinn er túlkaður sem smiðja út frá eldstæðinu/ofninum, mýrarrauðanum, aflsteininum og gjallinu.

Ýmislegt bendir til þess að húsið hafi verið stúkað niður í einstök vinnurými og það kann að skýra hina miklu stærð hússins. Sjálfar vistarverur fólksins þurfa því ekki að vera mjög stórar, þó húsið sjálft sé það.

Ekkert viðarkolasýni úr húsinu sjálfu þótti hentugt til C-14 aldursgreiningar vegna háa eiginaldurs og/eða vegna þess að um rekavið var að ræða, en eitt viðarkolasýni undir vegg Húss 2 og annað utan við stóru stéttina voru send í C-14 aldursgreiningu.

Athyglisvert er að undir vegg Húss 3 fundust viðarkol, en því miður voru þau úr rekavið svo þau hentuðu ekki til C-14 greiningar. Viðarkolin benda þó til þess að athafnir fólks hafi verið á staðnum áður en húsið var byggt, eða byggt við það (því breytt eða það stækkað?). Ekki er heldur hægt að útiloka enn eldra hús á staðnum sem er ófunduð enn.

Hús 4 við prufuholu 2a-b (2017)

Prufuhola 2a-b var grafin í fyrra og benti til þess að þar kynni hús að vera með kolabornu gólfi. Einn gripur fannst í holunni, en það var slegin tinna. C-14 greining skar ekki úr um hvoru tímaskeiðinu húsið hefur tilheyrt, Húsi 2 eða 3, en þó verður að telja líklegt að húsið tilheyri Húsi 2. Grafnir voru tveir skurðir langsum og þversum til að freista þess að finna vegg. Niðurstaðan var að mjög óljósir veggir fundust að vestan og norðan, en



Mynd 10. Skreyttur bronshnappur sem fannst í Húsi 3 eins og hann lá í húsinu. Hnappurinn er ekki í góðu ástandi. Myndin er klippt út úr stærri mynd. (Stafr. myndir nr. 21. Fnr. 2018-52. Ljós. BFE).



Mynd 11. Hús 4. Steinarnir gætu verið einhverskonar eldstæði. Ofan við þá sést vesturveggurinn þvert á skurðinn. Ekki tókst að rannsaka þetta hús frekar. (Stafr. myndir nr. 62. Horft mót V. Ljós. BFE).

Tegund	Hús 2	Hús 1/3	Hús 2/3	Annarsstaðar	Samtals
Perlur	26	2	8	5	41
Silfur	9	7	1		17
Blý	3	2		1	6
Kléberg	19 (9)	9		1	29
Gull			1		1
Skífur	6	2	1	1	10
Tinna	8	3	2	6	19
Jaspis	75	10	13	6	104
Hnífar	5	2	1	1	9
Steinar með gati	1			1	2
Met (blý)		1		1	2
Snældusnúðar	1		1	1	3
Brýni	23	7	5	2	37

Tafla 2 yfir gripategundir í einstökum húsum. Klébergið í Húsi 2 gæti verið úr 9 gripum, en 11 mjög mörkin brot geta verið úr sama gripnum). Metin tvö eru einnig talin með undir blýum ofar í töflunni. Fjöldi brýna er í raun 36, þar sem tvö brot af sama brýni eru talin sem tvö hér. Ekki er tekin afstaða til vafaatriða.

engir að sunnan og austan. Ekki tókst að finna út úr þessu vandamáli í sumar, en þess freistað að leysa málið á næsta sumri.

Engir gripir fundust í holunni að þessu sinni.

Gripir

Eins og komið hefur fram hefur fundist mikill fjöldi perlna og silfurgripa á Stöð og líklega á þeim eftir að fjölga. Samtals eru perlurnar nú orðnar 41 og silfurgripirnir 17. Silfrið var brotakenndara nú en áður og mörg brotin smá og fundust mestmegnis vegna þess að öll gólf voru blautsigtuð. Silfur-brotin voru meðal annars úr arabískri mynt. Þetta er meiri fjöldi af perlum og silfri en áður hefur fundist í híbýlum járnaldar á Íslandi. Að auki fannst einn gripur úr gulli á Stöð og sjö úr blýi. Tveir blýgripanna voru met og sá sem fyrst fannst árið 2016 var með innleggi úr grænu gleri. Sá síðari er mun minni og í honum má sjá grænt efni sem gæti einnig verið grænt gler. Forvarsla mun skera úr um þetta.

Fjöldi perlna á Hofstöðum var 28 (Lucas 2009:309), silfurgripir



Mynd 12. Silfurhringur með lykkju við endana. Fannst í Húsi 2/3, líklega Húsi 3. Hann hefur verið um 15-17 mm víður. (Fnr. 160. Ljósm. BFE).

þrír og blýgripir sömuleiðis þrír (sami 2009:253–5).

Í Hrísrú fundust 34 perlur² (Zori o.fl. 2013:156), þrír silfurgripir og tveir úr blýi. (Zori 2010:463).

Í skálanum í Lækjargötu fundust 26 perlur og eitthvað af silfri og blýi.

Í Vatnsfirði í Djúpinu fannst einn gripur úr gulli (í öskuhaug) og var hann líklega af írskri nælu frá því um 850–950 (Adolf Friðriksson o.fl. 2005:50). Þessi eini gripur er talinn sýna að staðurinn hafi verið ríkur og þar hafi yfirstétt setið. Tólf perlur fundust á staðnum, ekkert silfur og ekkert blý. Tvær kynslóðir skála voru rannsakaðar og var eldri skálinn 6 x 16 m stór innanmáls og sá yngri 4,9 x 14,3 m innanmáls. Þetta er með minni skálum sem rannsakaðir hafa verið og eldri eru en 1000. Af þessu leiðir að ekki er hægt að tala um ríkidæmi né völd í Vatnsfirði, þó svo hafi orðið síðar meir.

Met eru gjarnan talin til lúxusgripa (eng. „prestige goods“) eða að þau bendi til hárrar samfélagslegrar stöðu þeirra sem þar dvöldu. Í Hrísrú fannst eitt met og sömu sögu er að segja um Hofstaði. (Hansen 2014:119).

Silfrið (gangsilfur) og metin tvö benda til þess að fólkið sem búið hafi á Stöð kunni að hafa stundað verslun, t.d. áður en það kom þar við eða settist að á staðnum. Einnig er mögulegt að þetta sé vitnisburður um að málmarnir; silfur og blý, hafi verið notaðir



Mynd 13. Fimmtán af sautján perlum sem fundust sumarið 2018. Algengustu perlurnar frá Stöð eru tvöfaldar glærar perlur með silfurhúðun. Hér sjást tvær þeirra. (Ljós. BFE).



Mynd 14. Skífurnar sem fundust sumarið 2018. (Ljós. BFE).



Mynd 15. Steinn með gati, lausafundur. (Fnr. 2. Ljós. BFE).

² Samkvæmt Elínu Ósk Hreiðarsdóttur fundust samtals 40 perlur í Hrísrú og þar af voru 36 í skálanum (2014:137). Þessar nýju perlur komu fram í jarðvegssýnum.



Mynd 16. Tvö stór brýni sem fundust við stóru stéttina í Húsi 3 (Fnr. 171 og 172. Nr. 171 er neðra brýnið). Þau eru ónotuð og gætu verið hráefni fyrir minni brýni. Þriðja stóra brýnið sem einnig fannst í húsinu sumarið 2016 var hins vegar notað (Ljós. BFE).

sem íblöndunarefni í málm-vinnslu. Gullið gæti einnig verið hluti af þessari starfsemi, en gull finnst afar sjaldan á Íslandi í svona gömlum minjum. Auk gullsins frá Vatnsfirði hefur gull aðeins fundist á tveimur öðrum stöðum, en það eru 11. aldar gullhringur sem fannst á Skarði í Haukadal, lausafundur (Kristján Eldjárn 1956:333, nú horfin) og svokallaður skrauthnappur sem fannst í kumli hjá Kápu við Þórsmörk (sami 1956:333). Að auki er líklegt að nokkrir gripir séu gullhúðaðir eins og spori frá Granastöðum og nokkrar nælur. Þetta hefur þó ekki verið kannað nógu vel enn sem komið er.

Silfurgripirnir á Stöð eru margir hverjir brot úr arabískum peningum, svokölluðum dirhemum eða kúfískri mynt. Silfur tók að berast til Norðurlanda frá Kalifatinu á 8. öld (svtplay.se). Samtals hafa fundist tíu brot úr átta silfur peningum. Fimm þeirra fundust í Húsi 3 og þrjár í Húsi 2.

Sjaldgæfustu perlurnar frá Stöð eru líklega perla 2017-105 úr bergkristal, perla nr. 2017-234 úr „*carnelian - karneol*“ og augnperlan nr. 2018-4. Bergkristalperlan og karneolperlan eru ættaðar frá suðvestur Asíu, líklega frá Íran eða Indlandi og augnperlan frá vestur- eða norður Evrópu.

Ef frá eru taldar perlurnar á Vatnsdalsskarði eru um 88% perlna sem fundist hafa á Íslandi úr gleri og þar á eftir um 5% úr rafi og sama úr steini. Um 86% þessara perlna eru fundnar í kumlum. Af þeim perlum sem fundnar eru í híbýlum eða öðrum húsum eru tæplega 70% úr gleri (Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2014:135-7). Á Stöð eru fram að þessu tæplega 81% perlanna úr gleri, eða 34 perlur og eru tæplega 20% af öllum perlum sem fundist hafa við fornbæjarrannsóknir á Íslandi.

Steinskífurnar frá Stöð eru vandskýrt fyrirbæri. Slík skífa fannst í fyrsta sinn á Íslandi árið 1939 á Ísleifsstöðum í Borgarfirði (Stenberger 1943:166). Þá fundust tvær eða þrjár í Reykjavík í byrjun áttunda áratugarins (Nordahl 1988:69 o.fl.), svo ein í Herjólfssdal í Vestmannaeyjum um miðjan sama áratuginn (Margrét Hermanns-Auðardóttir 1989:25–26) og loks sjö í Hólmi í Nesjum í Hornafirði í lok síðust aldar og byrjun þessarar. (Bjarni F. Einarsson 2015:287). Á Stöð hafa nú fundist 10 skífur. Allar þessar skífur eru klappaðar á röndinni og oftast því sem næst hringlaga. Ein ferningslaga skífa er þekkt og hún er frá Hólmi í Nesjum.

Yfirborðið er nokkuð slétt en þó ekki sléttað. Allar hliðar eru slegnar líklega í þeim tilgangi að gera form þeirra skarpara. Þær eru ekki máðar og því ekki um verkfæri að ræða. Stærðirnar eru mismunandi eða frá tæplega 3 sm upp í tæplega 10 sm í þvermál og geta verið úr klébergi, basalti, sandsteini og gjóskubergi. Ekki liggur fyrir hvaða hlutverki þessar skífur hafa þjónað. Stungið hefur verið upp á því að þetta séu spilatöflur, verndargripir eða jafnvel plattar undir líkneski (sami 2015:287 og 394). Á Skotlandi hafa fundist svipaðar steinskífur sem taldar eru geta verið spilatöflur og/eða lok á ílátum og þá ílátum úr leirtaui. (Moffet 2017). Leirtau þekktist ekki á Íslandi fyrr en mun síðar (þó til á einum stað frá járnöld). Í staðinn hafa ílát úr timbri, klébergi og húðum verið notuð. Mögulega voru skífurnar notaðar á skinnpunga sem tappi.

Samtals hafa fundist 37 brot úr brýnum, þar af tvö úr sama brýninu. Þau eru þá 36 talsins og öll úr erlendu flögubergi (norsku?). Langmest af þeim fannst í Húsi 2, eða 23 brýni. Þetta breytist líklega síðar meir eins og aðrar tölur um hlutfallið á milli gripa í Húsum 2 og 3, þegar meira verður grafið í Hús 3. Af þessum brýnum eru tvö heinbrýni sem fundust í sitt hvoru húsinu.

Tvö mjög stór brýni úr erlendu flögubergi fundust við „stóru stéttina“ í Húsi 3. Þau eru óunnin og því hafa þau verið flutt inn sem hráefni fyrir fólkið sem bjó í húsinu um lengri eða skemmri tíma. Úr þeim mátti vinna minni og stærri brýni eftir þörfum.

Á Hofstöðum fundust 16 brýni frá víkingaöld (fasa I–III. Lucas 2009:294–295). Á Hrísbú fundust 20 brýni (Zori o.fl. 2014:118).

Einn steinn með gati hefur nú fundist á Stöð, en það var lausafundur sem fannst í uppmokstri frá 2016. Hlutverk



Mynd 17. Stór hnöttóttur steinn sem fannst í Húsi 2. Hlutverk hans er óþekkt. (Fnr. 181. Ljós. BFE).



Mynd 18. Snældusnúður sem fannst við vélarvinnu þegar grafið ofan af austurhluta skálanna. Hlýtur að hafa tilheyrt Húsi 2. (Fnr. 173. Ljós. BFE).



Mynd 19. Yfirlit yfir báða skálana í lok rannsókna 2018 (Drónamynd 2018-17-33. Ljós. BFE. Norður vísar niður).

steinsins er óljóst, en slíkir steinar fundust í Hólmi í Nesjum (Bjarni F. Einarsson 2015:277). Þeir gætu hafa verið tóvinnuáhöld, tákn fyrir kljásteina (sænska: *miniaturer*) eða tengst trúarathöfnum, en þeir finnast stundum í blóthúsum.

Einn nokkuð stór hnöttóttur steinn fannst í Húsi 2 sem engar góðar skýringar eru á. Hann er ekki sleginn, en virðist vera slípaður allan hringinn. Þyngd hans er 1,1 kg. Hugsanlega er þetta malsteinn til að mylja hvaðeina, eins og fræ, bein og litunarefni. Tveir sambærilegir steinar fundust í Hólmi en þó er munurinn sá að í þá hafði verið klappað hringinn og þeir notaðir sem vaðsteinar (Bjarni F. Einarsson 2015:279). Hugsanlega mætti líta á steininn frá Stöð sem ófullgerðan vaðstein. Hann gæti einnig hafa hafnað í húsinum vegna þess hve fallega hnöttóttur og sléttur hann var!

Enn hafa fá tóvinnuáhöld fundist, en þó fundust skæri í Húsi 2 í fyrra og þrjár snældusnúðar (úr tveimur snúðum) sumarið 2016, einn í Húsi 2 og tveir (sami snúður) í Húsi 2/3, auk eins lausafundar úr klébergi síðastliðið sumar sem fannst við mokstur í áfokslögum austast í Húsi 2. Kljásteinar hafa ekki fundist, en þeirra gæti verið að vænta í öðrum hlutum húsanna, einkum í Húsi 2.

Á Hofstöðum fundust sex snældusnúðar og 17 kljásteinar (Lucas 2009:301) og í Hrísrú voru snældusnúðarnir fimm og kljásteinarnir 12 (Zori o.fl. 2014:118).

Þessi fjöldi tóvinnuáhalda frá Hofstöðum og Hrísrú er ekki mikill miðað við að hann er frá löngu tímabili, eða u.þ.b. 200 ár. Hugsanlega spannar búsetan á Stöð í skálunum tveim einnig 200 ár, en líklega skemur.



Mynd 20. Emily við DNA sýnatöku í eldstæðinu/ofninum í smiðjunni í Húsi 3. (Stafr. myndir nr. 10. Horft mót N. Ljós. BFE).

Sé fundaðflóran á Stöð borin saman við Hrísbú og Hofstaði eru hún ekki eins fjölbreytt og á hinum tveimur stöðunum, en enn eru ekki öll kurl komin til grafar í því tilliti.

Sýni


Fjöldmörg sýni voru nú tekin til margskonar greininga. Fyrst voru sýni tekin á fimm stöðum úr mannvistarlögum til að greina forn-DNA úr þeim. Þetta geta verið lífrænar leifar úr dýrum og fólki svo sem hár og húðflögur og úr plöntum. Á hverjum stað voru fjögur sýni tekin með bor. Þessa sýnatöku annaðist próf. Emily Malinda Smith við Earlham College ásamt nemendum sýnum. Við úrvinnsluna á DNA sýnunum vann einnig Rannveig Þórhallsdóttir með styrk úr Nýsköpunar-sjóði stúdenta (Rannveig Þórhallsdóttir 2018).

Þá voru tekin önnur sýni úr mannvistarlögum til að greina fitusýrur og fá þannig mynd af neysluvenjum fólksins á Stöð. Einkum eru þessar sýrur úr sjávardýrum, landdýrum og jurtaríkinu. Sýnatökur önnuðust starfsmenn rannsóknanna en greiningarvinna var í höndum dr. Björns Viðars Aðalbjörnssonar Háskóla Íslands.


Engin gjókusýni voru tekin þetta árið, en sýni frá 2017 eru enn í vinnslu. Dr. Ólafur Eggertsson sá um allar viðartegundagreiningar á viðarkolasýnum sem send voru eftir atvikum í C-14 aldursgreiningu, eða þrjú talsins (sjá fylgirit 2).

DNA greining

Nýsköpunarsjóður stúdenta styrkti nýsköpunarverkefni á Stöð þar sem þess var freistað að finna forn-DNA úr mannvistarlögum á staðnum, bæði úr Húsi 2 og 3 og mannvistarlags utan




Mynd 21. Niðurstaða á sýni sem tekið var undir vegg Húss 2.



Mynd 22. Niðurstaða á sýni sem tekið var utan við Hús 3, stóru stéttina.

þeirra (sjá fylgirit 3–4). Verkefnið var unnið undir leiðsögn undirritaðs og próf. Emily Malindu Smith hjá Earlham College í USA (Rannveig Þórhallsdóttir 2018. Daniel o.fl. 2018). Markmið verkefnisins var að kanna hvort unnt væri að vinna DNA úr manneskjum, dýrum og plöntum til að varpa ljósi á lífsviðurværi fólks sem á Stöð var um lengri eða skemmri tíma. Slíkar rannsóknir (á sýnum úr mannvistarlögum) hafa ekki áður farið fram á Íslandi og því ekki vitað hvort þetta væri gerlegt eða ekki.

Greining á sýnunum leiddi í ljós að hægt er að vinna DNA úr mannvistarlögum á Íslandi. Næsta skref verður að reyna að raðgreina DNA og greina í sundur lífverurnar. Slík vinna er í gangi. Þá fyrst verður hægt að lesa nánar úr gögnunum svo sem hvaða skepnur voru á Stöð og hvaðan komu þær, hvernig er flóra staðarins og ekki síst ef DNA úr fólki finnst, hvaðan kom það!



Mynd 23. Niðurstaða sýnis úr berki birkis sem tekið var úr gólfi Húss 2.

Viðargreiningar og C-14 niðurstöður

Níu viðarkolasýni voru send í viðartegundagreiningu, en eitt þeirra reyndist vera gjall/aska. Fimm sýnana reyndust vera úr birki/víði, eitt líklega birki, eitt barrviður og eitt var ógreinanlegt. Þrjú sýni voru svo send áfram í C-14 greiningu, eitt úr Húsi 2 og tvö úr Húsi 2/3 (líklega 3). Barrviðarmolarnir fundust undir vegg húss 3 en vegna þess að eiginaldur gat verið of hár til að verða marktækur, var sýnið ekki sent áfram í C-14.

Niðurstöðurnar nú sýna enn á ný að Hús 3 er eldfornt og mjög líklega eldra en 871. Þær benda einnig til þess að Hús 2 hafi verið í notkun vel fram á 10. öld og hugsanlega eitthvað inn á þá elleftu.

Sýni (nr. 25) sem var tekið undir vegg Húss 2 reyndist vera með 95,4% öryggi frá 676–779 790–870 e.Kr. 74,8% líkur voru á því að það sé frá tímabilinu 676–779 e. Kr. en 20,6% líkur á því að það sé frá tímabilinu 790–870 e. Kr. 66,2% líkur eru á því að sýnið sé frá 686–774 e. Kr. (sjá mynd 21). Engin hafræn áhrif eru á sýninu ($\delta^{13}C$ er 30.1‰). Þessi niðurstaða er afar áhugaverð þar sem sýnið er úr lagi undir vegg Húss 2.

Utan við Hús 2/3 var eitt sýni (nr. 26) greint og með 95,4% öryggi er það frá 771–903 e. Kr. eða 918–965 e. Kr. (sjá mynd 22).

Loks var eitt sýni (nr. 30) úr gólfi Húss 2 greint og var niðurstaða þess að sýnið er með 95,4% öryggi frá 940–1021 e. Kr. eða 895–928 e. Kr. (sjá mynd 23).

Þessar niðurstöður eru í góðu innbyrðis samræmi. Þegar allar C-14 niðurstöður eru bornar saman glyttir í að Hús 2 hafi verið byggt nokkru eftir að Hús 3 hafi verið úr notkun og yngra húsið hafi verið nokkuð lengi í notkun. Fleiri C-14 greiningar þarf til að staðfesta þetta. Leitað verður áfram að viðarkolasýnum undir vegg Húss 3 og freista þess að finna mola úr birki eða víði svo hægt sé að C-14 greina þau.

Jaspis og tinna


Ellefu tinnumolar fundust sumarið 2018, fjórir í Húsi 2, þrír í Húsi 3, einn í Húsi 2/3, einn í Húsi 4 og tveir voru lausafundir. Samtals hafa 19 tinnumolar fundist á Stöð, sem telst hátt. Á Hrísbú fundust 36 tinnumolar³ (Hansen o.fl. 2014:118) og á Hofstöðum 12 (Lucas 2009:305).

Jaspismolar eru nú orðnir 104 að tölu og 24 þeirra fundust síðastliðið sumar. Þessi fjöldi markast hugsanlega af því að sérstaklega er leitað eftir þeim. Eins og fram kemur í meðfylgjandi skýrslu Kalle Thorsberg (sjá fylgirit 1) eru þetta að langmestu leyti unnir molar, það er að segja slegnir af fólki í þeim tilgangi að fá fram verkfæri til að nota við dagleg störf eins og slá eld, skera, skrapa og hefla. Greiningarnar 2018 styrkja fyrri niðurstöður mjög og sýna þróaða kunnáttu í því að slá slíka steina með ýmsu móti til að fá það fram sem leitast var eftir. Þessar niðurstöður eru gríðarlega áhugaverðar og varpa nýju ljósi á verkkunnáttu þeirra sem hingað komu í hvaða tilgangi sem það var. Þær eru mikilvægar langt út fyrir Ísland.

Hugsanlega tók jaspis yfir hlutverki tinnunnar þegar líða tók á búsetuna og þegar fólk sá að þessir steinar voru brúklegir til samskonar verkfæra og tinnan. Smám saman dró því úr tinnu og jaspisum fjölgar. Þetta þarf þó ekki að koma vel fram í yngri og eldri skálanum þar sem báðir voru í reynd frumbyggjar á staðnum þar sem einhver tími leið þar til að yngra húsið var byggt ofan á það eldra og því var tinnan ríkjandi í fyrstunni en lét svo undan smám saman. Hlutfall þessara gripa bendir til þessa. Í Húsi 3 hafa fram að þessu fundist þrír tinnumolar og 10 jaspismolar, eða rúmlega þrefalt meira af jaspis. Í Húsi 2 hafa fundist átta tinnumolar og 75 molar úr jaspis, eða rúmlega níu sinnum fleiri jaspismolar. Skýringin liggur í því að mun lengur hefur verið dvalið í Húsi 2 en Húsi 3 og tinnan haft lengri tíma til að hopa.

Tinnu- og jaspismolarnir sýna að gripir úr þessum efnum hafa skipt mun meira máli en áður hefur verið vitað í efnismenningu hins norræna menningarheims. Þeir sýna okkur einnig að sú tækni sem til þarf til að ná settum árangri í ásláttunni hefur verið til staðar í ríkum mæli, tækni sem yfirleitt hefur verið talin úr sögunni þegar málmar komu í staðinn fyrir steina sem skerandi og heflandi áhöld. Fólk, hluti þess eða allt, hefur búið yfir þessari tækni þegar það settist að í skemmri eða lengri tíma í landinu, en ekki fundið hana upp við komuna. Þessi tækni hefur líklega verið bundin

³ Annars staðar segir að tinnumolarnir hafi verið 5 í langhúsinu (Zori 2019:463).



Mynd 24. Hús 2 og svæðið sem höfuðáherslan verður lögð á sumarið 2019. Svæðið er sýnt með beinum línum.

við ákveðin svæði á Norðurlöndum og jafnvel ákveðna hópa eða þjóðarbrot.

Greiningin sýnir að sum verkfæri voru unnin inni í skálunum en notaðir annarsstaðar og að önnur verkfæri voru unnin utandyra og notuð í skálunum. Nánari sundurliðun á þessum verkfærum verður gerð síðar.

Hingað til hafa flögur og kjarnar úr tinu sem finnast á stöðum frá víkingaöld eða yngri járnöld ekki hlotið neina teljandi eftirtekt fræðimanna á Norðurlöndum og yfirleitt litið á þessa gripir sem leifar af eldri búsetu á staðnum, en ekki leifar frá yngri járnöld. Gripirnir frá Stöð sýna að gripir af þessu tagi eru hluti af efnismenningu yngri járnaldar á Norðurlöndum og hér á landi er hættan á truflun frá steinöld-bronsöld ekki til staðar.

Fitusýrur

Ekki náðist að klára fitusýrugreiningarnar fyrir þessa skýrslu, en markmiðið með þeim er að greina fitusýrur úr jurta- og dýraríkinu til að varpa ljósi á neysluvenjur fólksins á Stöð.

Niðurlag og næstu skref

Báðir skálarnir á Stöð eru með stærri skálum á Íslandi og sá eldri hugsanlega sá stærsti, en hann er núna sá stærsti sem rannsakaður hefur verið. Gripaflóra þeirra er þegar kemur að vissum gripum sú „ríkasta“ sem þekkist á Íslandi. Þá hlýtur sú hugsun að skjóta upp kollinum að um höfðingja sé að ræða á Stöð, allavega hvað yngri skálann varðar. Heimildir eru fámálar þegar kemur að því hver sá höfðingi kunnir að hafa verið og aðeins stutt frásögn í Landnámu sem segir frá hofgoðanum Þórhaddi hinum gamla sem nam land í Stöðvarfirði. Í einni útgáfu Landnámu hefur verið bætt við „var hann höfðingi mikill“ (Ísl. fornrit 1968:307, neðanmáls).

Þessi seinni tíma viðbót gæti bent til þess að munnmæli hafi verið til um að á Stöð hafi höfðingi búið á landnámsöld og/eða að fólk hafi þekkt til mikilla rústa á staðnum, rústa sem kölluðu á útskýringar.

Stefnt er að því að leggja höfuðáherslu á að grafa fram allan yngri skálann áður en að frekari rannsóknir halda áfram á þeim eldri (sjá mynd 24). Ástæðan er sú að mikilvægt er að fá fram allt húsið svo hægt sé að ljósmynda það úr lofti. Þegar þeirri rannsókn er lokið verður farið í að grafa fram allan eldri skálann í sama tilgangi. Þessi tilhögun gefur mun betri möguleika að að taka 3D myndir (þvívíðar myndir) af báðum skálunum sem halda góðum gæðum.



Mynd 25. Lítið tálgað og borað klébergsbrot. Hugsanlega handfang af lítilli ausu. Gripurinn er 2,9 g. (Fnr. 125. Ljósm. BFE).

Samhliða þessu verkefni verður haldið áfram að leita fleiri húsa á bæjarstæðinu, með profuholum, LiDAR, jarðsjá eða öðrum aðferðum eftir atvikum. Í þessu samhengi verður þess einnig freistað að finna öskuhaug eða hauga.

Stefnt er að því að jarðsjármæla umhverfi skálanna, sérstaklega lága hrygginn austur af þeim.

Höfðingjabyli hefur haft mörg járn í eldinum og til að fjölbreytt starfsemi geti þrífist þarf mörg sérhæfð húsakynni eins og smiðju, fjós, geymslur, vinnuhús, framleiðsluhús o.s.frv. Slíkra húsa er að vænta í allra næsta nágrenni yngri skálans og þá sérstaklega austur af honum, en þar er hryggur sem liggur niður að dalsbotninum og hugsanlega að mögulegri lendingu við fjarðarbotninn eins og hann var þá. Land hefur risið um einhverja metra á þessu svæði og það þarf ekki mikla lækkun lands til svo að sjór næði að skálunum.

Þó eldri skálinn sé firnastór er þar með ekki sagt að hann kunni ekki að vera árstímabundin vistarvera fólks eins og haldið hefur verið fram í fyrri skýrslum. Vísbendingar eru um að hann sé stúkaður niður í minni einingar. Tvær þeirra eru við vesturgafllinn, smiðja⁴ og vinnurými. Í stað þess að byggja einn lítinn skála og nokkur útihús hefur eitt hús rýmt alla þá starfsemi sem þurfti til. Við slíka tilhögun sparast talsvert af byggingarefni (torfi) og þar með tíma. Skálinn gæti einnig hafa verið byggður í áföngum eins og t.d. í Vogu í Höfnum. Þar hafði fyrst lítið vinnuhús verið byggt sem síðar var breytt í hefðbundinn skála sem var 6,88 m breiður og 16,8 m

⁴ Undirrituðum er ekki kunnugt um slíkt fyrirkomulag, þ.e.a.s. að smiðja hafi verið í enda skála.

langur að utanmáli (Bjarni F. Einarsson 2013:9). Tvö önnur hús voru á staðnum, bæði miðlungsstór jarðhýsi.

Á útstöðinni L'Anse aux Meadows á norðurodda Nýfundnlands eru þrjár skálar. Sá elsti þeirra að mati undirritaðs, hús D er 8,7 m breiður og 25,5 m langur að utanmáli (Wallace 2006:42-43). Þessar skálar eru á jaðri hins þekktu heims norræna manna. Einu sinni voru Færeyjar á jaðrinum, svo Ísland, svo Grænland og svo Vínland!

Hin svokallaða Norðurseta þeirra norrænu manna sem byggðu Grænland er í raun og veru útstöð frá Eystri- og Vestribyggð Grænlandinga. Þar veiddu þeir einkum seli og rostunga á sumrin og haustin (Guðmundur J. Guðmundsson 2005). Norðurseta er um 600 km frá Vestribyggð og um 1000 km frá Eystribyggð svo þetta voru umtalsverðar vegalengdir sem fólk þurfti að fara til að uppfylla þarfir sínar á hráefnum.

Útstöðvar voru hluti af norrænni menningu. Fólk dvaldi langdvölum á fjöllum við járngerð, veiðar á hreindýrum og elgum og við klébergsnámur. Við ströndina hafði það í verum (verstöð) og í afdölum var það við selstöðvar. Allt eru þetta ákveðin form á útstöðvum hvers hlutverk var að vinna við auðlindir sem sköpuðu umframframleiðslu sem hægt var að nota heimavið og/eða selja (sjá t.d. Hofseth 1980). Útstöðvar voru einfaldlega hluti af menningu norræna manna og það fólk sem hingað kom að endingu tók fyrirbærið með sér.

Ásláttutækni sem jaspis-, glerhalls- og tinnumolarnir sýna er á nokkuð háu stigi og alls ekki eitthvað sem fólk fann upp á staðnum. Þetta varpar alveg nýju ljósi á verktækni víkingaaldar eða yngri járnaldar, verktækni sem yfirleitt var talin horfin þegar málmar tóku yfir hlutverkinu. Einhversstaðar á Norðurlöndum varðveittist þessi tækni sem hingað kom og þá kemur til greina að það hafi verið á meðal Sama. Með öðrum orðum, Sami eða Samar gátu hafa verið með í för yfir hafið!

Heimildir

- Adolf Friðriksson, Oscar Aldred, Colleen Batey, Ramona Harrisson, Aaron Kendall, Kate Krivogorskaya, Tom McGovern, Karen Milek, Seth Brewington, Torfi H. Tulinius, Ragnar Edvardsson og Ian Simson. *Vatnsfjörður 2005. Fornleifarannsóknir/Fieldwork at Vatnsfjörður, NW-Iceland 2005*. Ritst. A. Friðriksson, T.H. Tulinius og G. Guðmundsson. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2005.
- Albína Pálsdóttir, Garðar Guðmundsson, Gavin Lucas, Guðrún Alda Gísladóttir, Karen Milek, Magnús Á. Sigurgeirsson, Oscar Aldred, Thomas McGovern, Uggi Ævarsson og Véroniques Forbes. *Vatnsfjörður 2006. Framvinduskýrslur/Interim Report*. Fornleifastofnun Íslands. Ritst. Karen Milek. Reykjavík 2007.
- Bjarni F. Einarsson. „Jaðarbyggð á Eyjafjarðardal. Víkingaaldarbærinn Granastaðir. Fornleifarannsóknir á skála, jarðhýsi og öðrum tilheyrandi fornleifum sumrin 1987 og 1988.“ *Súlu. Norðlenskt tímarit*. XVI. árg. 29. hefti. Akureyri 1989. Bls. 22–77.
- Bjarni F. Einarsson. *The Settlement of Iceland; a Critical Approach. Granastaðir and the Ecological Heritage*. Reykjavík 1995.
- Bjarni F. Einarsson. *Bær við Salthöfða. Eyðibýli í Örafum*. Skýrsla IV. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2007.
- Bjarni F. Einarsson, Daniel Lindblad, Guðbjörg Melsted og Sindri Ellertsson Csillag. *Mjóeyri við Reyðarfjörð*. Fornleifarannsóknir á rúst 016 í landi Sómastaða í Fjarðabyggð, S-Múlasýslu. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2008.
- Bjarni F. Einarsson. *Landnámsbýli í Höfnum, Reykjanesbæ*. Skýrsla II. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2009.
- Bjarni F. Einarsson. *Vogur. Landnámsaldarbýli í Höfnum, Reykjanesbæ*. Skýrsla III. Rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2011.
- Bjarni F. Einarsson. *Vogur. Landnámsaldarbýli í Höfnum, Reykjanesbæ*. Skýrsla IV. Rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2013.
- Bjarni F. Einarsson (a). *Landnám og landnámsfólk. Saga af bæ og blóti*. Skrudda. Reykjavík 2015.
- Bjarni F. Einarsson (b). *Stöð. Rúst 16:1 í Fjarðabyggð*. Skýrsla I. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2015.
- Bjarni F. Einarsson (a). *Stöð í Stöðvarfirði. Fornleifarannsóknir á Skála frá 9. öld og fleiri rústum*. Skýrsla II. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2017.
- Bjarni F. Einarsson (b). *Stöð í Stöðvarfirði. Fornleifarannsóknir 2017. Leit og rannsókn á húsum*. Skýrsla III. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2017.
- Bjarni F. Einarsson. *Skarðssel á Landi. Fornleifarannsóknir 2016*. Fornleifafræðistofan - Landsvirkjun. Reykjavík 2017.
- Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einaradóttir. *Þjótandi við Þjórsá. Fornleifarannsóknir 2008*. Fornleifafræðistofan - Landsvirkjun. LV-2009/071. Reykjavík 2009.
- Bjarni F. Einarsson og Sindri Ellertsson Csillag. *Þjótandi við Þjórsá. Fornleifarannsóknir 2010*. Fornleifafræðistofan - Landsvirkjun. LV-2011/062. Reykjavík 2011.
- Bolender, Douglas J. *Excavations at Glaumbær 2006. Preliminary Report of the Skagafjörður Archaeological Settlement Survey*. Northwestern University. Ártal vantar.
- Bronk Ramsey, C. „Bayesian analysis of radiocarbon dates.“ *Radiocarbon* 51(1). 2009. Bls. 337–360.
- Brynjúlfur Jónsson. „Rannsókn í Vestur-Skaftafellssýslu sumarið 1909. V. Böðmóðstunga.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1909*. Reykjavík 1910. Bls. 10–12.
- Daniel, O., Le, H., Sein, M., Þórhallsdóttir, R., Lerner, H. and Smith E. *Comparison of Ancient DNA Extraction Protocols on Soil from an Archaeological Site in East Iceland*. Poster 2018.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Íslenskar perlur frá víkingaöld; með viðauka um perlur frá síðari öldum*. MA ritgerð við HÍ. Reykjavík 2005.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir. „Beads from Hrísrú and their Wider Icelandic Context.“ *Viking Archaeology in Iceland*. Mosfell Archaeological Project. Ed. D. Zori & J. Byock. Brepols. Turnhout 2014. Bls. 135-141.
- Fornleifaskrá*. Gagnagrunnur Fornleifafræðistofunnar.
- Gavin Lucas. *Fornleifauppgröftur á Pálstóftum við Kárahnjúka 2005*. Landsvirkjun LV-2007/018. Reykjavík 2007.
- Guðmundur J. Guðmundsson. *Á hjara veraldar*. Sögufélagið. Reykjavík 2005.
- Guðmundur Sigurðarson og Guðný Zoëga. *Skógar í Fnjóskadal. Fornleifarannsókn 2011–2012*.

- Byggðasafn Skagfirðinga. Rannsóknarskýrslur 2013/140. Sauðárkróki 2013.
- Gustafsson, Björn. „Vikingatida blästerskydd av sten och lera från Mälardalen.“ *Fornvännen*. Journal of Swedish Antiquarian Research 2009(104). Bls. 253–261.
- Hansen, Sigrid Cecilie Juel, Zori, Davide & Byock, Jesse. „Artefacts from the Viking Age Longhouse at Hrísbú.“ *Viking Archaeology in Iceland*. Mosfell Archaeological Project. Ed. D. Zori & J. Byock. Brepols. Turnhout 2014. Bls. 117-133.
- Hofseth, Ellen Højgård. *Fjellressursenes betydning i yngre jernalders økonomi*. Sammenlignende studie av bygdene øst og vest for vannskillet i Nord-Guðbrandsdal. AmS skrifter 5. Arkeologisk museum í Stavanger. Stavanger 1980.
- Íslensk fornrit. I bindi. Íslendingabók - Landnámabók. Síðari hluti. Hið ísl. fornritafélag. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1968.
- Johansen, Olav Sverre & Munch, Gerd-Stamsö. „¹⁴C dates.“ Borg in Lofoten. A chieftain’s farm in North Norway. Ed. G.S. Munch, O.S. Johansen & E. Roesdahl. Tapir academic press. Trondheim 2003. Bls. 33–40.
- Kristján Eldjárn. *Kuml og haugfé. Úr heiðnum sið á Íslandi*. Norðri. Akureyri 1956.
- Kristján Eldjárn. „Að setjast í aflgröf. Punktur um smiðjuna í Stöng.“ *Eldur er í norðri*. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum 8. janúar 1982. Reykjavík 1982. Bls. 211–220.
- Kristján Eldjárn. *Kuml og haugfé. Úr heiðnum sið á Íslandi*. 2. útg. Ritst. Adolf Friðriksson. Mál og menning. Reykjavík 2000.
- Lísabet Guðmundsdóttir. Skálinn í Lækjargötu. Bréf dags. 14. des. 2018.
- Lucas, Gavin. *Fornleifauppgröftur á Pálstóftum við Kárahnjúka 2005*. Landsvirkjun LV-2007/018. Reykjavík 2007.
- Lucas, Gavin. „Víkíngaaldarbyggðin á Hofstöðum í Mývatnssveit.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 2004-2005*. Reykjavík 2007. Bls. 103–120.
- Lucas, Gavin. *Hofstaðir. Excavations of a Viking Age feasting hall in North-Eastern Iceland*. Institute of Archaeology. Reykjavík 2009.
